P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. júni 1919. | № 6.

Ræða
haldin 19. júni í Reykjavík

af *Bríetu Bjarnhéðinsdóttur.*

Háttvirta samkoma!

Þegar eg stend hér á íþróttavelli þessa bæjar, þá finst mér að það sé aðallega unga fólkið, sem mér sé falið að tala við. Hingað býst eg við að *það* sæki aðallega, því að íþróttir og leikir einkenna fremur æskuna en eldri árin. Og einmitt af því, að eg býst hér við ungum áheyrendum, bið eg ykkur að afsaka mig, sem hefi fyrir svo löngu slitið mínum barnaskóm, þótt eg tali nokkur orð, sem þið hafið ekkert *gaman* af.

Þessi dagur, 19. júní, er fyrir mínum augum ekki einungis landsspítalasjóðsdagur, það er að eins aukaatriði. Hann er minningardagur okkar kvennanna um þann mikla viðburð, að þá urðum við að lögum borgarar í landinu, jafnréttháir og þeir, sem áður höfðu með öll völd og virðingar farið. Galli sá var þó á þeirri réttarbót, að yngri konurnar náðu ekki þessum réttindum fyr en eftir nokkur ár. — — —

En hvað eru ár og áratugir í hinni eilífu tímanna rás? Hvað mikið og margt hefir ekki gjörbreyzt á þessum 4 árum, sem liðin eru síðan 1915? Hinir ógurlegu heimsviðburðir hafa hrist alt skipulag þjóðfélaganna sundur og saman, svo að hornsteinarnir undan mörgum þeirra eru brotnir í mola.

Og þótt við höfum setið fjarri öllum þessum æðisgengna heimsófriði, þá hefir þó ómurinn að Þórdununum borist hingað og á margan hátt haft áhrif á hagi okkar. Við höfum beðið tjón og dýrtíð og margskonar erfileika hans vegna. En — við höfum líka grætt — ekki einungis tjármuni, heldur það, sem meira er vert, það sem okkar beztu menn hafa séð í fjarska og barist fyrir og stefnt að: Við höfum fengið *fullveldi*. Ísland er ekki lengur „óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, með sérstökum landsréttindum", eins og stöðulögin frá 1871 sögðu, og hvervetna var álitið, þótt við aldrei viðurkendum það sjálf, heldur er það nú af Dönum sjálfum viðurkent að vera „frjálst og fullvalda ríki".

Og í sambandi og samræmi við þetta nýja fyrirkomulag, verður ný stjórnarskrárbreyting lögð fyrir Alþingi í sumar, sem gerir alla karla og konur jafnréttháa borgara í hinu nýja fullvalda ríki, Íslandi. Þar verður enginn munur gerður á kynjunum. Yngri konurnar verða þar jafnréttháar og jafnaldrar þeirra í karlmannahópnum, ef þessi breyting nær fram að ganga, sem við vonum og eigum allar að stuðla að. —

Er nú ekki eitthvert samband á milli allra þessara atburða?

Ófriðurinn, sem hafinn er af hervaldi og auðvaldi, verður meðal til þess að við getum komið fram með okkar fullveldiskröfur og fengið þær viðurkendar á friðsamlegan hátt. Og þegar þjóðirnar eru nú að rísa upp gegn hnefarétti harðstjórnarinnar og auðvaldsins og heimta að fá sjálfar ákvörðunarrétt um sín eigin lífsskilyrði, þá koma okkar hæglátu breytingar á stjórnarfyrirkomulaginu og kveðja alla jafnt, konur sem karla, til að ráða fram úr öllum okkar málum? —

Það er hið unga íslenzka ríki, sem þarfnast krafta okkar allra, sem kallar á ykkur öll Ekki einungis til skrafs og ráðagerða, heldur til strits og starfa. Öll erum við skyld það að verja og að því að hlúa. Og það verður bezt gert með því að þroska alla þjóðina og hvern hennar einstakling.

Karlmennirnir hafa hingað til einir ráðið

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

lögum og lofum í heiminum. Nú hafa þeir að lokum víða tekið kröfur kvenna til greina, svo þær eru nú víða búnar að ná, eða eru á leiðinni til að ná fullum stjórnmálaréttindum og þar með réttinum til að ráða jafnt karlmönnunum sínum eigin og sinnar þjóðar örlögum. Sama er að verða hér. Það eru karlmennirnir íslenzku, sem nú hafa bygt landamerkjagirðinguna fyrir hið nýja íslenzka ríki. Þessi girðing er nú falin konum jafnt og körlum til varðveizlu og viðhalds. Við megum ekki láta hana færast inn, né hrörna eða falla niður. Hún verður fremur að rýmka út á við, styrkjast, eflast og aukast.

Og svo kemur einnig til okkar kasta að fara að laga til *innanvið girðinguna*. Konurnar eru sagðar lægnari á að gera vistlegt á heimilunum en karlmennirnir. Þeir eiginleikar ættu einnig að njóta sín á þessu sameiginlega stóra heimili.

En *næstu verkefnin?* — Hver eru þau? Að þessu spyrja konurnar, þegar þær hafa fengið atkvæðisrétt, um allan heim, í öllum landsmálum. Og svarið verður hjá þeim öllum hér um bil það sama: Fyrsta verkefnið er að búa um sitt eigið rúm. Að gera sjálfan sig sem færastan í lífsbaráttuna, og hverja þá stöðu, sem henni fylgir, að ná sem mestum þroska og sem beztum lífsskilyrðum fyrir sig og börn sín — og þar með alla þjóðina.

Þið ungu stúlkurnar verðið margar hverjar að fara snemma að spila á eigin spýtur og og vinna fyrir ykkur. En þá er áríðandi að hafa fengið sæmilegan og hagkvæman undirbúning undir hverja þá stöðu, sem þið takið fyrir í lífinu. Það, sem við eldri konurnar höfum reynt að gera og unnið að, er það, að fá rétt okkar kvennanna viðurkendan til að vinna með karlmönnunum á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þetta hefir fengist með ýmsum lögum. Fyrst með lögunum frá 1881, sem veitti ekkjum og öðrum sjálfstæðum ógiftum konum, sem stæðu fyrir búi, eða ættu með sig sjálfar, kosningarrétt til sveitarstjórna og bæjarstjórna, safnaðarnefndu og sýslunefnda, ef þær fullnægðu þeim almennu skilyrðum, sem karlmönnum eru sett fyrir kosningarréttinum. Árið 1886 fengu konur og leyfi til að taka 4 bekkjar próf og stúdentspróf frá latínuskólanum, og leyfi til að lesa læknisfræði og heimspeki eða forspjallsvísindi við prestaskólann og nokkrar námsgreinir sem að því námi lutu, en ekkert próf og enga styrki og ekki heldur læknisembætti, þótt þær mættu taka læknisprófið, án alls styrks og læknisréttinda. Kjörgengið fengu þessar sjálfstæðu konur svo í þessar sömu stjórnir og nefndir 1902. Og 1908 fengu allar konur, bæði kosningarréttinn og kjörgengið í öllum sveita-, bæja-, sókna- og héraðamálum með sömu skilyrðum og karlmenn. En aðalréttinn til að taka sama þátt í öllum störfum þjóðfélagsins með sömu kostum og skyldum fengum við með lögunum frá 1911, sem veita konum sama aðgang og réttindi við allar námsstofnanir þjóðfélagsins, og sama aðgang og rétt að öllum þess embættum og sýslunum, ef þær uppfyltu sömu skilyrði sem karlmönnunum voru sett fyrir þessum réttindum, og með stjórnarskrárbreytingunni 1915, sem við erum að minnast og fagna í dag.

Þessi réttindi voru þau áhöld eða vopn, sem við vildum búa ykkur ungu stúlkur í hendur, ykkur til verndar og hagsmuna í lífsbaráttunni og samkeppninni á vinnumarkaðinum, þegar þið færuð sjálfar fyrir alvöru að leggja út í hana. Þau eru nú öll fengin — á pappírnum. Nú kemur til ykkar kasta sjálfra að færa þau út í lífið og fá þeim komið í framkvæmd. Þið, ungu stúlkurnar, sem nú eruð að byrja ykkar sjálfstæðu lífsbaráttu, hafið tvent að athuga vandlega: *Að* búa ykkur vel undir hverja stöðu, sem þið takið að ykkur, svo þið verðið færar um að leysa hana til fullnustu af hendi og getið staðist þar alla samkepni, og *að* fá vinnu ykkar sæmilega launaða.

Við konurnar getum margt af karlmönnunum lært, sem eldri eru í öllum félagsskap en við. Við getum lært af þeim samkepnina samtökin, metnaðinn og vinnugleðina. Hver röskur drengur veit að hann á að taka sérstakt lífsstarf fyrir. Og þótt hann byrji neðarlega í stiganum, þá vakir meira eða minna óljóst fyrir honum að komast að lokum upp

í efstu riminu Sendisveininum ötula, sem falin eru allskonar smáerindi í fyrstu, í viðskiftalífinu, dettur oft í hug, að hann geti máske að lokum orðið jafnvoldugur og yfirmenn hans eru í hans augum. Og þetta tekst, hafi hann næga árvekni, dugnað og útsjón til brunns að bera.

Við konur kvörtum yfir lakari lífsskilyrðum en karlmenn, miklu lægri launum, og engum möguleikum að ná í nema lakast launuðu stöðurnar. — Þetta verður fyrsta umhugsunarefni kvenna nú, og fyrsta málið, sem þarf algerðrar breytingar við. — En þá er að byrja á byrjuninni: Að vera sem best að sér í hverju því, sem þið farið að vinna. Og ef við viljum hækka úr einni stöðu í aðra betri, eins og karlmenn, þá verðum við að vera þeim jafnsnjallar í þessum störfum. Þið eigið að hafa jafnmikla samkepni og metnað og piltarnir, sem þið vinnið með. Samvinnan á ekki að vera hrindingar né olnbogaskot, þannig að máttur vana og venju ráði. Hæfileikar og dugnaður eiga að ráða, og munu ráða þegar til lengdar lætur. Þið verðið að vera nógu ósérplægnar og hafa nóga dómgreind til að dæma störf ykkar hlutdrægnislaust. Og ef þið leysið sömu störfin jafnvel af hendi, eða betur, en félagar ykkar í karlmannahópnum, þá eigið þið að halda því fram að fá sömu stöður og sömu laun og þeir.

Og þegar þessum kröfum er ekki sint Þá getið þið lært af karlmönnum hvernig þið getið fengið þær teknar til greina. Þá eru það *samtökin*, — *félagsskapurinn*, sem sigrar. *Allar eigið þið að standa saman.* Þótt fáeinar kunni að hafa betri kjör, þá mega þær ekki skerast úr leik, ef um velferð og hagsmuni heildarinnar er að ræða.

Á þenna hátt þroska þjóðirnar sig sjálfar. Mentun og þekking er grundvöllurinn, sem bygt er ofan á frelsi og jafnrjetti. Og svo heiðarleg samkepni og starfsgleði, sem gerir það að verkum að vinnan verður mikilsvirði, og þá líka ómissandi.

Það er þetta, sem konurnar heimta allstaðar. Meiri réttindi, til að ráða sjálfum sér og sínum, meiri fræðslu og þekkingu, betri launakjör og þar með betri lífsskilyrði. Meira sólskin í lífinu. Ekki sífelt strit. Öllu þessu getið þið hrundið sjálfar í betra horf með því að nota þau vopn, sem lögð eru upp í hendurnar á hverjum kosningarbærum borgara. Þið getið með pólitíska atkvæðisréttinum einum skapað skóla og hverskonar fræðslu handa ykkur. Með honum getið þið fengið allskonar lög, í samræmi við óskir ykkar og hagsmuni. — Að eins með því að fylkja ykkur um þá eina fulltrúa til Alþingis, sem heita að flytja mál ykkar, og taka þau að sér sem sín eigin mál.

Á þenna hátt er það, sem þið unga fólkið getið komið öllum ykkar hugsjónum að meira eða minna leyti í framkvæmd. Þið eigið nú bráðum að taka við stjórninni, og fara að laga innan við landamerkjagirðingu hins íslenska ríkis. Þið eigið að búa ykkur öllum þar góðan og friðsælan bústað. Og þá vona eg að þið ungu stúlkurnar vinnið ykkar góða skerf að því, að enginn verði útundan, hvorki börn né gamalmenni, að þar verði konur og karlar jafn rétthá í framkvæmd og að þar verði engin olnbogabörn, engin »kúguð stétt«.

Með þessari von og ósk bið eg ykkur öll að hrópa ferfalt húrra fyrir unga fólkinu okkar.

Það lifi!

Fréttir úr Reykjavík.

Eins og fyrirfaruudi ár héldu konur 19. júní hátíðlegan. Er hann nú orðinn fastur hátíðisdagur vor og hefir rutt sér svo algerlega til rúms í meðvitund manna — þrátt fyrir »hátíðahöld 17. júní rétt áður — að hann er jafnan kallaður manna á milli »Kvennadagurinn", eða „Kvennréttindadagurinn«. Þann dag finna konur alment að þeim *beri* að halda saman.

Það gleðilega við þessi hátíðahöld nú, er það, að konur út um landið eru einnig farnar að halda 19. júní hátíðlegan. Vonandi

verður þess ekki langt að bíða að hann verði almennur »Kvennadagur« vor allra. Þá er hann orðinn það sem hann á að verða: árlegur minningardagur vor allra um að þenna dag 1915 fengum vér loks að lögum rétt til að ráða jafnt og karlmennirnir lögum og framkvæmdum í landi þessu.

Árangurinn af fjársöfnuninni 19 júní síð astliðinn hefir orðið mjög góður. Í Reykjavík einni varð hann kr. 9,467,88. Á Akureyri kr. 1284, Ísafirði kr. 1000, Akranesi 369,47.

Auk þess stóðu nokkrar konur fyrir fjársöfnun á »Gullfossi«, sem þá var á leið frá Danmörku til Íslands. Nam sú fjársöfnun alls kr. 5142,60. Var það mjög óvænt gjöf og ánægjuleg framtakssemi og dugnaður. Höfðu þær komið á einskonar basar eða uppboði þar, sem þær seldu ýmislegt, t. d. ávexti og voru þeir æði dýrir hjá þeim, því andvirðið gekk í fjársöfnunina. Hefir þetta frumlega fyrirtæki eflaust aukið gleðskapinn og gert mönnum ljúfara að láta svo um munaði af mörkum. Alls hefir komið inn í sjóðinn á síðasta ári krónur 34,799,84 aurar, svo nú er Landsspítasjóður kvenna nær því 100,000 kr. og getur það orðið til mikils gagns, ef því verður varið skynsamlega.

Frá Alþingi.

Tvenn lög, sem konur varða sérstaklega eru þar á ferðinni. Stjórnarskrárbreyting og kaflar úr hjónabandslöggjöfinni. Um stjórnarskrána búast menn við að engin mótstaða verði gegn þeirri breytingu, að konur fái kosningarrétt og kjörgengi með sömu skilyrðum og karlmenn, og koma þá allar 25 ára konur með, sem uppfylla hin almennu skilyrði fyrir þessum réttindum.

---

† Guðm. Guðmundsson, skáld.

Fulltrúi fél. „Stjarnan í austri".

Drottinn yfir land sitt leit
með líknarhug.
Hver var fær að búa' hans braut
með blíðu, en dug?

Hver vill skifta á yrktum akri
og eyðistig?
Þá laustu drotni. Vildir vinna.
Hann valdi þig.

Merkið greipstu, gaddinn bræddir,
gekst mót sól.
Skeyttir ei um lýða lengur
last né hól.



Guðm. Guðmundsson skáld.

Á grjótið breiddir skira skarlats
skrúðann þinn.
Mýkri að fæti við það varð
hans vegurinn.

Því mun, bróðir, bjart um þig
og blessun vís
meðan ástrik sumarsól
úr sævi rís.

Maria Jóhannsdóttir.

Utan úr heimi.

Sænskar konur.

Loksins er þeirra kosningarbaráttu lokið með fullum sigri. Þann 24 maí síðastl. samþyktu báðar deildir sænska Ríkisdagsins þá grundvallarlagabreytingu, að almennur kosningarréttur skyldi lögleiddur fyrir konur og karla sem væru 23 ára gamlir, og kjörgengi 35 ára. Til efri málsstofunnar er kosningarrétturinn bundinn við 35 ára aldur.

Grundvallarlögin eru nú lögð á hilluna, eða sem Svíar segja: »þau hvíla« þangað til þau verða samþykt til fullnaðar. En fyrst fara fram kosningar til efri deildar, og svo búast menn við að aukaþing verði haldið og á því verði þau samþykt, til fullnaðar nú á þessu ári. En ef engin aukakosning fer fram til efri deildar nú, þá fara þær ekki fram fyr en haustið 1920, og lögin verða þá samþykt af Ríkisdeginum 1921. En þær kosningar gilda til 4 ára, svo þá geta konur ekki notað þessi réttindi sín fyr en árið 1924. En menn telja víst að aukakosningar fari fram annaðhvort nú í ár eða eftir reglulegu kosningarnar 1920, til þess að gefa nýju kjósendunum tækifæri til að nota þessi réttindi sem allra fyrst.

Eins og við var að búast, héldu sænskar konur stóran hátíðisdag í minningu um þenna sigur. Uppstigningardaginn, þ. 29 maí var ákveðið af miðstjórn Kvenréttindasambandsfélagsins að halda hátíðina. En kvöldið áður var hátíðahaldið eiginlega byrjað með guðaþjónustu í Stórkirkjunni. Daginn eftir — Uppstigningardaginn — hélt miðstjórn Sambandsins sérstakan fund. Þaðan voru sendar þakkarkveðjur til jafnaðarkvennanna sænsku, sem þá héldu einnig kosningarréttarhátíðina í »Folkets hus«, og þökkuðu þeim holla og einlæga vináttu og fylgi í þessu máli, sem þeirra pólitíski flokkur hefði jafnan stutt og borið fram til sigurs í þinginu. Með þessa kveðju fór nefnd 5 helztu kvenréttindafélagsstjórnar kvenna yfir á fundinn í »Folkets hus«. Þá var ákveðið að leggja krans á gröf Karl Staaffs með áletrun: »Þökk fyrir göfuga baráttu fyrir ríkisborgararétti sænskra kvenna«. Til borgarstjóra Lindhagens, þeirra ötula og trygga flutningsmanns í þinginu, sendu þær blóm og svolátandi kveðju: »Til Carl Lindhagen, hins óþreytandi formælanda fyrir borgararéttindum sænskra kvenna, sendir P. L. R. F. sína virðingarfullu þakklætiskveðju nú, þegar sigur er fenginn í málinu«. Ymsum öðrum styrktarmönnum sínum og forvígiskonum málsins sendu þær og líkar kveðjur.

Þar næst var hátíðin hafin í Auditorium í Stokkhólmi, sem alt var blómum og fánum skreytt. Allur ræðupallurinn var baka til klæddur sænskum fánum, en uppi yfir þeim öllum breiddist hinn skrautlegi hvíti og gulni alþjóða kvenréttindafáni, sem borinn var af ungum »Studiosum«. Margir merkir menn voru á samkomunni, bæði ýmsir af ráðherrunum og þingmönnum, sem höfðu þegið boð sambands kvenréttindafélagsstjórnarinnar að vera með. Fyrst var sunginn kosningarréttar hátíðasöngur eftir frk. Elfrida Andreu og þar næst bauð formaður félagsins, dr. Karoline Widerström, alla velkomna og gaf dr. Selmu Lagerlöf, hinni frægu skáldkonu, orðið.

Það var hljótt í salnum meðan hún talaði. Konum fanst sem þetta væri hin andlega pólitíska arfleiðsluskrá hennar til sænskra kvenna. Lýsti hún fyrst með málandi líkingum hvernig sænskar konur hefðu mátt þola langa og erfiða bið, og lengi orðið að standa fyrir utan dyrnar á hinu sameiginlega heimili þjóðarinnar í kulda og dimmu, og berja árangurslaust að dyrum, þangað til loksins að þeim heiði nú verið hleypt inn. Þá talaði hún um þau verkefni sem nú biðu þeirra, þegar þær loksins hefðu öðlast full borgararéttindi, og fól þeim og vígði þær til að berjast fyrir og varðveita æðstu hugsjónir mannanna í lífinu. Að síðustu sagði hún: »Og ef vér festum nú þá trú í hjörtum vorum að sá sem vill vinna fyrir eitthvert gott og mikið málefni og leggur alla sína krafta og alt sitt líf í sölurnar fyrir það, að hann muni færa það fram til sigurs að lokum, hversu óliklega sem áhorfist í fyrstu, og hve vonlítið, sem útlitið er í flestra augum, þá munu að síðustu ýmsar kringumstæður skap-

ast sem hjálpa því áfram. Ef *þessi trú* nær að festa rætur í hjörtum manna, þá höfum vér komist langt áleiðis og náð stóru takmarki. Þá erum við loksins komnar svo langt að við skiljum hvað Kristur átti við, þegar hann talaði um þá trú, sem getur flutt fjöll.

Ef konurnar hér eftir geta öðlast þessa trú á krafta sína og sigur hins góða málefnis, sem þær vilja berjast fyrir, hvílíkan styrkleika og djörfung mun hún ekki veita oss. Hvílíkt vald mun það ekki verða, til þess að byggja aftur upp vesalings niðurbrotna og afvegaleidda heiminn.

Eg veit ekki, hvað verða mun hið sameiginlega baráttu takmark kvennanna á komandi tímum. En eitt er áreiðanlega víst, að ekki þurfa þær að missa framsóknar áhugann af skorti á stórum og óviðráðanlegum verkefnum til að keppa að og leggja alt í sölurnar fyrir.

Hver skyldi nú vilja eða geta staðið móti konunum, ef þær tækju sér að verkefni að vilja temja eða eyðileggja stóru villidýrin, sem herja á heiminn. Ef þær skyldu nú vilja fara að leggja fjötra á — morðfýsnina, að uppræta siðleysið, eða brjóta broddinn af fátæktinni, og setja traustar skorður fyrir hégómleika og nautnafýsn?

Guð, sem hefir skapað mennina þannig, að með öllum sínum göllum langar þá þó til að geta stjórnað girndum sínum og tilhneigingum, og vilja lifa hamingjusömu lífi í samræmi og eindrægni, hann mun hjálpa yður, og heimurinn mun ekki geta veitt vilja yðar mótstöðu". — — —

Auðvitað var mikill rómur gerður að ræðunni, sem var of löng til þess að Kvbl. gæti tekið nema niðurlags-orðin. Eftir það komu fram fulltrúar frá ýmsum kvenfélögum í Noregi, Danmörku og Finnlandi, sem fluttu sænskum konum heillaóskir frá sínum félögum og þjóðum og gleði þeirra yfir því, að sænskar konur væru nú komnar með, og gætu nú hætt við hina löngu og erfiðu kosningarréttar-baráttu sína.

Eftir þetta töluðu flestar af hinum gömlu, frægu forgöngukonum kosningarréttarins. Lögðu þær áherzlu á ábyrgðina, sem konurnar nú tækju að sér með réttindunum. Menn mættu þó ekki vænta að áhrifin af þátttöku kvenna í almennum málum kæmu strax í ljós. En þeirra mundi smámsaman gæta þegar stundir liðu. Nú væri baráttunni lokið fyrir þessum réttindum, en eftir væri að nota þau og vinna með þeim, og það væri stærra og mikilvægara. Gömlu konurnar hefðu útvegað vinnuáhöldin og nú bæri unga fólkinu að vinna með þeim og lúka verkinu.

Þá kom sendinefnd frá jafnaðarmannakvenfélögunum, sem héldu hátíðina í „Folkets hus", berandi sinn rauða fána. Formaðurinn, bæjarfulltrúi, Anna Lindhagen, hélt þar ræðu, sem tekið var með miklum fögnuði. Minti hún á samvinnu þá og samúð, sem einkent hefði baráttu Kosningarréttarfélaga sambandsins og þakkaði þeim þeirra miklu þrautseigju og forustu í þessu máli.

Síðan voru símskeyti lesin upp frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Englandi, Frakklandi, Þýzkalandi og Ungverjalandi. Síðast var sunginn þjóðsöngur Stenhamars: „Sverge".

Í „Folkets hus" héldu einnig jafnaðarkonurnar sína hátíð, undir forustu formannsins frú Önnu Sterky. Þar var og Hjálmar Branting ritstjóri og fyrverandi ráðherra, og hélt ræðu, um þátttöku kvenna í þjóðfélagsstörfunum nú á ófriðartímunum, og hvernig það hefði hlotið að breyta skoðun þeirra, sem mót-tæðir hefðu verið réttindum kvenna í þjóðfélaginu o. s. frv.

Um kvöldið héldu konurnar sameiginlega hátíð á Skansinum, með ræðum og ýmsum fögnuði. — — — — —

Því miður gat engið kveðja komið frá Íslandi til sænsku systranna á þessum hátíðisdegi þeirra, því hingað fréttist ekkert um þetta fyrir uppstigningardag. En á annan í Hvítasunnu barst ritstjóra Kvbl. bréf frá dr. Korolinu Widerström, þar sem hún býður okkur að taka þátt í þessu hátíðahaldi, en kveðst þó ekki búast við að bréfið komi nógu snemma til þess, en væntir þó að við sendum skeyti hátíðisdaginn til að gleðja

þær með því, að Íslensku systurnar, sem séu í sambandi við þær í gegnum samband Kvenréttindafélags Íslands við I. W. S. A. (Alþjóðakosningarréttarfélagið) verði einnig með þeim í anda þenna hátíðis- og gleðidag þeirra. — Því miður kom bráfið eftir dúk og disk. — Auðvitað sendi Kvenréttindafélagið kveðju síðar.

Kringsjá.

Sigurför kosningarréttar kvenna.

Í öllum erlendum kvennablöðum er nú talað um sigurför kosningarréttar kvenna nær því um allan heim. Í enska kvennablaðinu „The Common Cause" segir Mrs. Fawcett. „20. maí 1919 má heita einn af merkisdögunum í sögu kosningarréttar kvenna, því þann dag breytti *Frakkland* algerlega um stefnu. Það hafði áður haldið fast öllum pólitískum og „kommunölum" réttindum fyrir konuna. En þenna dag tók það nýja stefnu. Þá samþykti fulltrúa málstofa þingsins með 344 atkvæðum gegn 97, að allar konur í Frakklandi og Algir skyldu hafa fullkominn kosningarrétt með sömu skilyrðum og karlmenn. — Mönnum kom þetta mjög á óvart. Hingað til hafði franska þingið ekki viljað heyra pólitísk réttindi kvenna nefnd, en látið í veðri vaka, að komið gæti til mála að veita þeim við tækifæri kosningarrétt í sveita- og héraðamálum. En alt í einu breyttist skoðunin hjá þeim á svona óvæntan hátt. Eftir er nú að vita hvernig efri málstofan fer með málið. Vonandi ríkir þar einnig þessi sami réttlætis- og frjálslyndis andi, sem laun fyrir góða þátttöku kvenna í stríðinu. Sagt er líka að Clemencou hafi sagt í vetur að hver einasta ástæða fyrir kosningarrétti karla, ætti jafnt við kosningarrétt kvenna. Og fylgi hann málinu persónulega, þá er því vonandi borgið".

Næst koma *Ameríkar* konur með sinn stóra sigur. Þann 23. maí sl. samþykti neðri deild *Sambandspings Bandaríkjanna*, almennan kosningarrétt fyrir konur í öllum Bandaríkjunum, með 304 atkvæðum gegn 89, alt svo með 42 atkvæðum fram yfir hinn lögboðna meiri hluta við stjórnarskrárbreytingu. Og efri deildin samþykti frumvarpið til fullnustu 4. júní sl. með 56 atkvæðum gegn 25.

Þessa stjórnarskrárbreyting verður svo hvert af Bandaríkjunum að samþykkja, áður en það verður gildandi stjórnarskrárlög. En þá þarf enga almenna atkvæðagreiðslu á eftir, um breytinguna í hverju ríki. Í því liggur hinn stóri kostur fyrir konur að Congressinn sjálfur hefir vald til að setja þetta ákvæði inn í grundvallarsambandslög allra ríkjanna. Því við almennu atkvæðagreiðsluna var hægast að koma megnasta undirróðrinum við gegn lögunum, og fella þau með henni.

En vonandi þurfa Amerískar konur ekki lengi að bíða eftir lagagildi þeirrar grundvallarlagabreytingar, því naumast var blekið þurt á undirskrift forsetans undir lögin fyr en forsetar þeirra Bandaríkjanna, sem héldu sín sérstöku þing þá daga — símuðu til skrifstofu ríkisritarans og báðu um afrit af þessari stjórnarskrárbreytingu, svo þeirra þing gæti samþykt hana. Hún var svo send, svo fljótt sem unt var, og *Illonisþingið* samþykti hana í einu hljóði þ. 10. júní, með öllum atkvæðum í neðri deild, og 3 móti — í efri deild. — *Wisconsin* samþykti breytinguna einnig 4 kl.st. síðar með öllum atkvæðum gegn einu í efri deild og tveimur móti í n.d. Og fyrir kvöldið hafði einnig þingið í *Michigan* samþykt lögin með öllum atkvæðum í báðum deildum. *Massachussetts og Pennsylvania* héldu einnig þing þá dagana, en konur höfðu ekki mikla trú á velvild efri deilda þeirra til málsins, en voru þó eigi að öllu vonlausar.

Síðast um kvöldið sama daginn kallaði ríkisstjórinn í *New-York-ríkinu* þingið saman til aukaþingsfundar þ. 16. júní til þess að staðfesta stjórnarskrárbreytinguna. Í þingboðinu sagði ríkisstjórinn að réglulegt þing hefði átt að koma saman 1. janúar, en hann áliti nauðsynlegt að það kæmi fyr saman, bæði til að ganga á undan öðrum með góðu fordæmi, sem hin ríkin mundu fylgja, og til þess að konur gætu tekið sinn þátt í forsetakosningunum, sem fram eiga að fara snemma ársins 1920. — *Ohiopingið* kom saman til að samþykkja breytinguna 16. júní. — Mrs. Catt gaf sér ekki tíma til, að vera við stjórnarskrársamþyktina í Washington, heldur var hún önnum kafin í að senda ríkisstjórum og þingum hinna sérstöku ríkja áskorum kvenna með ritsímanum, um að láta þingin koma saman og samþykkja breytinguna svo snemma, að konur gætu verið með við forsetakosninguna næsta ár. Þegar þetta var ritað voru bréf og símskeyti komin frá 36 ríkjum, sem sögðust fús að samþykkja hana, svo konur vona nú að öll Bandaríkin samþykki þessa breytingu og að þær geti allar jafnt karlmönnunum tekið þátt í næstu forsetakosningunum. — Því það verður nú heitasta málið á pólitísku dagskránni þar, þegar fer að líða að áramótunum. — Þá samþykti loks sænska þingið, — báðar deildirnar — þ. 24. maí sl. almennan kosningarrétt fyrir alla konur og karla sem væru 23. ára, sem fyr segir.

Þ. 9. maí samþykti neðri málstofan í *Hollandi* frumvarp sem fyrir lá um kosningarrétt kvenna,